

### 3. Fundargerð Reiðskemmunefndar.

**15. apríl 2018, Borgarholti, Akranes, kl. 13.**

**Mætt:** Hrafn Einarsson (HE) og Ása Hólmarsdóttir (ÁH) frá hestamannafélaginu Dreyra. Einar Brandsson (EB) frá Akraneskaupsstað og Björgvin Helgason (BH) frá Hvalfjarðarsveit. ÁH stjórnaði fundi og ritaði fundargerð.

**Fundarefni:** -Framhald frá síðasta fundi. - Fjármögnun reiðskemmu og skipting kostnaðar milli Akraness og Hvalfjarðarsveitar.

BH greindi frá því að sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar hefur samþykkt að styrkja hestamannafélagið Dreyra um 10 milljónir vegna byggingar reiðskemmu á Æðarodda, 5 milljónir á árinu 2018 og 5 milljónir á næsta ári.

EB tilkynnti að Akraneskaupsstaður væri tilbúinn í að leggja til verkefnisins 41,232 milljón og að greiðsla á gatnagerðargjöldum yrði útfært sem styrkur.

EB ræddi þann möguleika að mannvirkið yrði byggt af Fasteignafélagi Akraness og yrði í eigu þess. Þannig væri hægt að ná niður kostnaði um c.a 18% og vísaði þar til byggingar nýs húsnæðis hjá golfklúbbnum Leyni. Fulltrúar Dreyra eru ekki mótfallin því og styðja sem besta nýtingu fjármuna í verkefnið.

Rætt um fræðslustarf í framtíðinni um hestamennsku í skólum á Akranesi og Hvalfjarðarsveit og nauðsyn þess að gera samning við Dreyra um þau mál þegar að reiðskemma verður risin. Samþykkt.

Samþykkt að senda sveitarfélögunum formlega samantekt um niðurstöðu nefndarinnar sem fyrst og stefna að formlegri undirritun á samningi um byggingu á reiðskemmu á afmælisdegi Dreyra og firmakeppni félagsins þann 1. maí n.k.

ÁH og HE þökkðu fulltrúum Akranes og Hvalfjarðarsveitar kærlega fyrir afar gott og lipurt samstarf.

Nefndarstörfum lokið.

Fundi slitið kl. 14.